

Ed. 950. Frumvarp til laga [302. mál]

um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. maí.)

Samhljóða þskj. 586 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Starfstími vélstjóra, samkvæmt 2. gr., telst sá tími, sem maðurinn er lögskráður á skip og vinnur við það, að meðtöldum lögskráningardegi og afskráningardegi.

Til starfstíma má einnig telja starfstíma við vélarupptekt um borð í skipi, í vélsmiðju eða í annarri sambærilegri málmiðnaðargrein.

5. gr. hljóðar svo:

Ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi, má eftir ósk útgerðarmanns eða skipstjóra viðkomandi skips, veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, með undanþágu rétt til starfa á tilteknu skipi eða gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en í 6 mánuði í senn.

Undanþágur samkvæmt 1. mgr. veitir fimm manna nefnd, sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila og tveir fulltrúar tilnefndir af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Nefndin semur sér starfsreglur, sem hún lætur birta með fullnægjandi hætti. Nú synjar nefndin umsókn um undanþágu og getur umsækjandi þá borið ákvörðun nefndarinnar undir samgönguráðherra, sem leggur endanlegan úrskurð á málið.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð gjald fyrir veittar undanþágur, sem viðkomandi undanþáguhafi greiðir, er renna skal í sérstakan sjóð sem hafi það að markmiði að veita lán og/eða styrki til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Nemendur vélskóla, sem sigla á undanþágu milli námsára, eiga rétt á endurgreiðslu gjaldsins, haldi þeir áfram námi á næsta námsári, gegn framvísun á vottorði frá viðkomandi skóla þar um. Undanþegnir gjaldinu eru þeir sem lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs.

6. gr. hljóðar svo:

Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd, sem hefur heimild til þess:

1. Að ákveða frávik frá ákvæðum laganna um fjölda vélavarða og vélstjóra eftir því sem tilefni gefst til, með tilliti til hagræðingarráðstafana, tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips til fjölgunar eða fækkunar.
2. Að heimila tímabundna breytingu á mönnun skips til reynslu, með skilyrðum, sem nefndin setur. Reynslutími sé þó ekki lengur en til 6 mánaða í senn.
3. Að meta starfstíma við vélstjórn til atvinnuréttinda samkvæmt ákvæðum 2. gr. 5. liðs og 2. mgr. 3. gr.

Í tilvikum 1—2 skal nefndin leita umsagnar Siglingamálastofnunar ríkisins varðandi öryggi og búnað skips.